

Miðvikudaginn 30. marz 1966.

Nr. 135/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Daníel Ágúst Daníelssyni**

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið aflað nýrra gagna í málinu og framhaldsrannsókn farið fram. Ný vitni hafa verið leidd, og lögreglumennirnir Sigurjón Hólm Hjörleifsson og Friðhólm Kristinn Jónsson hafa gefið framhaldsskýrslur og staðfest framburði sína með eiði. Samkvæmt framburði þeirra sáust áfengisáhrif á ákærða, er þeir kl. 1740 hinn 26. marz 1964 stöðvuðu hann við akstur bifreiðarinnar A 247. Þá hafa lögreglumennirnir Erlingur Pálmarsson, Árni Höskuldur Magnússon og Matthías Einarsson borið það og eiðfest þann framburð sinn, að þeir hafi séð á ákærða áfengisáhrif, er komið var með hann á lögreglustöðina á Akureyri kl. 1850 sama dag. Ákærði hefur viðurkennt að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Sama dag kl. 1920 tók Ólafur læknir Ólafsson blóð úr ákærða til rannsóknar á vinandamagni í blóði hans. Var blóðsýnishornið merkt B 63 og sent Jóhanni Þorkelssyni, héraðslækni á Akureyri, til rannsóknar. Hinn 28. marz s. á. gaf héraðslæknirinn vottorð, þar sem segir, að í blóðsýnishorni þessu hafi reynzt vera „1.60%o reducerandi efna (alkohol)“. Fyrir dómi hefur héraðslæknirinn lýst því, að Ragnar Ólason, efnaverkfræðingur á Akureyri, framkvæmi blóðrannsóknir fyrir hann að honum fjarstöddum. Hann muni nú ekki um meðferð blóðsýnishorns þess, er í máli þessu greinir, eftir að það kom úr höndum lögreglumanna, og um tvo möguleika sé að ræða, annað hvort hafi lögreglumenn

komið sýnishorninu til hans og hann síðan farið með það til nefnds Ragnars eða lögreglumenn hafi komið því beint til Ragnars.

Ragnar Ólason, efnaverkfræðingur á Akureyri, hefur skýrt svo frá, að hann hafi um langt skeið annast fyrir héraðslækninn á Akureyri rannsókn blóðsýnishorna til ákvörðunar á vinandamagni. Vitni þetta taldi „yfirgnæfandi líkur fyrir því“, að það hefði framkvæmt rannsókn þá, sem hér er um fjallað, „en hafi það verið forfallað á þeim tíma, muni það hafa verið gert á sama stað og á sama hátt af efnaverkfræðingi“. Þá sagði vitni þetta, „að ýmist taki það við blóðsýnishornunum úr hendi Jóhanns Þorkelssonar héraðslæknis eða lögreglunnar. Að rannsókn lokinni taki héraðslæknirinn við niðurstöðunni og gefi vottorð þar um.“ Ekkert kvaðst vitni þetta eiga ritað um rannsókn sína á blóðsýnishorninu B 63, og ekki mundi það, hvernig það tilkynnti héraðslækninum niðurstöður rannsóknarinnar. Annað hvort hafi það tilkynnt héraðslækninum þær „á skrifstofu sinni persónulega eða í gegnum síma“.

Þar sem eigi liggur fyrir örugg skýrsla þess manns, sem rannsókn framkvæmdi, um vinandamagn í blóðsýnishorni því, er úr ákærða var tekið í umrætt sinn, og þar sem ekki er vitað um meðferð sýnishornsins frá töku þess til rannsóknar, þykir varhugavert að leggja vottorð héraðslæknisins á Akureyri um niðurstöðu blóðrannsóknar til grundvallar áfellisdomi yfir ákærða í máli þessu. Hins vegar er sannað, að hinn 26. marz 1964 ók ákærði bifreið sinni undir áhrifum áfengis um götur Dalvíkur. Varðar sú háttsemi hans við 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga þykir refsins ákærða hæfilega ákveðin kr. 6.000.00 sekt í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar 6 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði.

Eftir þessum málalokum ber að dæma ákærða til að greiða

allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Daniel Ágúst Danielsson, greiði kr. 6.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Akureyrar 26. apríl 1965.

Ár 1965, mánudaginn 26. apríl, var í sakadómi Akureyrar, sem haldinn var af Ásmundi S. Jóhannssyni fulltrúa í skrifstofu embættisins með undirrituðum vottum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 221/1964: Ákærvaldið gegn Daniel Ágúst Daniélsyni, sem tekið var til dóms 20. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 21. apríl 1964, á hendur Daniel Ágúst Daniélsyni héraðslækni, Árgerði við Dalvík, fyrir að aka undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 247 um götur á Dalvík síðdegis fimmtudaginn 26. marz 1964.

Telst þetta varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 21. maí 1902 að Hálsi í Mosvallahreppi, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málsatvik eru sem hér segir: Fimmtudaginn 26. marz 1964

kl. 1740 fékk Sigurjón Hólm Hjörleifsson, lögreglumaður á Dalvík, grun um óeðlilegt framferði ákærða við akstur bifreiðarinnar A 247. Hóf hann ásamt aðstoðarmanni sínum leit að ákærða, og mætti hann bifreið ákærða á mótum Hafnarbrautar og Sogns-túns. Var bifreið ákærða stöðvuð, og er ákærði sté út úr bifreiðinni, leyndi sér það ekki, að hann var undir áhrifum áfengis. Viðurkenndi ákærði að hafa drukkið 4 bjóra. Ákærði var handtekinn, en þar sem hann neitaði að blása í öndunarbelg, var hann fluttur til Akureyrar, og var þangað komið kl. 1850 sama dag. Þar viðurkenndi ákærði að hafa drukkið 4 erlenda bjóra um kl. 1700 þennan dag, en kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Á lögreglustöðinni á Akureyri fannst lítils háttar áfengisþefur af ákærða. Enn fremur voru augu hans rauð og andlit þrútið og jafnvægi óstöðugt. Hins vegar var málfar hans skýrt og framburður greinargóður.

Blóðsýnishorn var úr ákærða tekið kl. 1920 þennan dag, og við rannsókn reyndist það innihalda reducerandi efni samsvarandi 1.60‰ af alkóhóli.

Vitnið Friðhólm Kristinn Jónsson aðstoðarlögreglumaður kvað sér hafa virzt ákærði vera undir áhrifum áfengis við handtökuna, en hann var ör í skapi og bar ótt á. Enn fremur kvað vitnið augu ákærða hafa verið rauð og þrútin og talsverð vínlykt hafi verið úr vitum hans og hreyfingar óstyrkar.

Vitnið Sigurjón Hólm Hjörleifsson lögreglumaður kvaðst hafa fundið vínlykt af ákærða við handtökuna og fannst hann örari í framkomu en hann á vanda til. Auk þess hafi hann verið föllur í andliti og daufur til augnanna.

Ákærði viðurkenndi fyrir dómi að hafa í greint sinn ekið bifreið sinni A 247 frá Karlsrauðatorgi að læknisstofu sinni Gimli undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og er þar rétt færð til lagaákvæða.

Samkvæmt refsíákvæðum þeim, sem í ákæru greinir, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 daga varðhald, og með vísan til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengis laga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

## Dómsorð:

Ákærði, Daníel Ágúst Daníelsson, sæti varðhaldi 10 daga.  
 Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 1. apríl 1966.

Nr. 184/1965. **Geir Gunnarsson**  
 gegn  
**Einari Sigurðssyni.**

Útivistardómur. Ómaksbætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Geir Gunnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Einari Sigurðssyni, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 3000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---